

Kirkjugarðaráð

Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Í lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 er gerð góð grein fyrir lögbundnum verkefnum kirkjugarða. Samkvæmt þeim er kirkjunni falið að stýra þessum málaflokki þó verkefnin séu ekki beinlínis tengd trúmálum.

Dómsmálaráðuneytið er fagráðuneyti kirkjugarða en biskup, kirkjugarðaráð, prófastar, prestar, sóknarnefndir og starfsmenn kirkjugarða sjá um stjórnun og framkvæmd verkefna.

Hlutverk Kirkjugarðaráðs.

Kirkjugarðaráð hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins. Hlutverk ráðsins er:

1. Samþykkja upptöku nýs kirkjugarðs eða stækkun gamals.
2. Veita leiðsögn við skipulag, viðhald og lagfæringar kirkjugarða.
3. Aðstoða við gerð verk- og kostnaðaráætlana vegna framkvæmda í kirkjugörðum.
4. Leiðbeina við gerð uppdrátta og legstaðaskráa.
5. Ákveða framlag til einstakra kirkjugarða sem byggir á úthlutunarreglum gjaldalíkans kirkjugarða sem unnið var af Kirkjugarðasambandi Íslands og samþykkt af Kirkjugarðaráði.
6. Úthluta styrkjum úr Kirkjugarðasjóði.
7. Úrskurða í einstaka málum.

Kirkjugarðaráð ræður framkvæmdastjóra og setur honum erindisbréf. Aðsetur Kirkjugarðaráðs og framkvæmdastjóra þess er á Biskupsstofu Laugavegi 31 í Reykjavík.

Stjórn Kirkjugarðaráðs

Í Kirkjugarðaráði sitja fimm fulltrúar. Þeir eru:

Ragnhildur Benediktsdóttir lögfræðingur, fulltrúi biskups og formaður ráðsins,

Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands og ritari ráðsins,

Valtýr Valtýsson sveitarstjóri tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þórsteinn Ragnarsson forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og formaður Kirkjugarðasambands Íslands tilnefndur af Kirkjugarðasambandinu.

Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar tilnefndur af kirkjuþingi.

Framkvæmdastjóri ráðsins er Guðmundur Rafn Sigurðsson. Á vegum ráðsins starfar einnig Sigurgeir Skúlason landfræðingur og kortagerðarmaður sem sér um uppmælingu og stærðar-útreikninga kirkjugarða vegna gjaldalíkans auk þess að vinna að gerð lóðarblaða uppdrátta og legstaðaskráa fyrir kirkjugarða.

Starfsemi ráðsins

Á árinu voru haldnir níu fundir auk þess sem ráðið fór í sína árlegu skoðunarferð, sem í þetta



Ólafsfjörður

sinn var um Kjalarnesprófastsdæmi. Framkvæmdastjóri ráðsins heimsótti 89 kirkjugarða og grafreiti.

Styrkveitingar kirkjugarðasjóðs – framkvæmdir.

Kirkjugarðaráð fer með úthlutun úr kirkjugarðasjóði að fenginni umsögn framkvæmdastjóra ráðsins. Á árinu 2017 voru veittir styrkir úr Kirkjugarðasjóði til 44 verkefna samtals að upphæð rúmar 57,6 milljónir. Eins og árið á undan ákvað Kirkjugarðaráð að endurgreiða til baka í grafarsjóð þau 8,5 % sem sjóðurinn fær af grafargjaldinu. Var þetta gert vegna erfiðrar stöðu grafarsjóðs sem sér um að greiða svokallað grafargjald. Grafargjaldið er greiðsla sem hverjum kirkjugarði er reiknað fyrir hverja gróf sem tekinn er í viðkomandi garði og á að standa undir kostnaði vegna þjónustu prests við útför, grafartöku og frágang leiðis, en gjaldið hefur ekki fylgt verðlagsþróun síðustu ára. Upphæðin sem annars hefði nýst til styrkúthlutunar en var endurgreidd til grafarsjóðs úr kirkjugarðasjóði var tæpar 14,5 milljónir.

Kirkjugarðar sem fengu 700 þúsund eða meira í styrk eru:

Eiðar: endurnýja umgjörð og breyta aðkomu að garði.

Stóri-Núpur: greiða niður skuldabréf vegna láns garðsins frá kirkjunni.

Útskálar: vegna stækkunar á kirkjugarði.

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma: frágangur og uppbygging nýrra grafarsvæða í Gufuneskirkjugarði.

Reykholt: Greiða niður skuld og ljúka framkvæmdum við stækkun.

Stafholt: endurnýja girðingu um garðinn.

Setbergskirkjugarður Grundarfirði: reisa nýtt sáluhlið.

Reykhólar: ljúka við að girða garðinn og greiða upp skuld.



Eiðar eftir framkvæmdir

Sauðárkrókur: endurnýja rafmagnsheimtaug og lagnir og setja upp lýsingu.

Ólafsfjörður: ganga frá yfirborði á stígum í garðinum.

Kirkjugarður Akureyrar: ganga frá nýjum grafarstæðum, stígum og lýsingu.

Á árinu var unnið við lagfæringu og hirðingu á nokkrum niðurlögðum görðum t.d. Hálsi í Hamarsfirði, Arnarbæli í Ölfusi, Krýsuvík, Kirkjubóli í Langadal og Selárdal.

Auk áðurtalinna styrkja fékk Kirkjugarðasamband Íslands styrki til uppfærslu tölvukerfa á vefnum *gardur.is*, sem er sameiginlegur gagnagrunnur og upplýsingavefur fyrir alla kirkjugarða landsins.